



Samstarf til árangurs

**Skýrsla um þróunarverkefni kennara í Akurskóla
skólaárið 2010 -2011**

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Þróunarverkefnið	4
Kennarateymi 1. bekkjar: Stafainnlögn og íslenskuhringekja.	4
2. og 3. bekkur: Stærðfræðisnillingar – einstaklingsmiðuð stærðfræði.	7
4. og 5. bekkur: Skipulag valsvæða.	9
6. og 7. bekkur: „Betri nýting á kennslurýminu“	11
8. 9. og 10. bekkur: Endurskipulagning vinnurýmis á unglingastigi.....	16
Mat á verkefninu.....	20
Umsögn ráðgjafa	20
Umsögn stjórnenda.....	20
Lokaorð	22

Inngangur

Þróunarverkefnið **Samstarf til árangurs** var unnið í Akurskóla veturinn 2010–2011. Verkefnið hófst með námskeiði og samráðsfundum í ágúst 2010 og lauk með formlegum hætti í maí 2011. Ingvar Sigurgeirsson prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sá um ráðgjöf við kennara.

Allir starfsmenn skólans tóku þátt í námskeiði og samráðsfundum um haustið og unnu að mótun verkefnisins. Umsjónarkennarar sem unnu saman í kennarateymum samkvæmt aldursskiptingu nemenda í nemendahópa, frá fyrsta bekk til tíunda bekkjar, báru síðan hita og þunga verkefnisins yfir veturinn. Á unglingastigi tóku allir kennarar sem kenndu nemendum í 8. – 10. bekk þátt í verkefninu. Kennararnir völdu verkefni sem fól í sér skipulega útfærslu á tilteknu þróunarverkefni sem tengdist eftirtöldum markmiðum:

- Að tengja námsumhverfi og kennslufyrirkomulag við hugmyndir um opinn skóla og einstaklingsmiðað nám.
- Að auka möguleika á einstaklingsvinnu og hópvinnu með skiptingu kennslusvæðis í mismunandi vinnusvæði og gera námsumhverfið líflegt og aðlaðandi fyrir nemendur.

Markmiðið var að þróa áhugaverða aðferð eða skipulag með markvissum hætti í því skyni að draga af því einhvern lærdóm. Gögnum um verkefnið var haldið til haga og mat lagt á starfið. Í lokin skilaði hvert kennarateymi stutttri skýrslu bæði skriflega og munnlega á innanhússráðstefnu í maí 2011. Eitt af meginmarkmiðum verkefnisins var að læra hvert af öðru.

Eftirtalin verkefni voru afmörkuð í upphafi skólaársins hjá hverju kennarateymi:

- ✓ Kennarateymi 1. bekkjar: Íslenskuhringekja: Gert var ráð fyrir að leggja tvær kennslustundir á viku undir íslenskuhringekju. Í kennslurýminu voru settar upp mismunandi vinnustöðvar þar sem nemendur fengu verkefni við hæfi.
- ✓ Kennarateymi 1. bekkjar: Einstaklingsmiðuð stafainnlögn og ritun í 1. bekk: Þyngdarskipt verkefni í lestri.
- ✓ Kennarateymi 2.–3. bekkjar: Stærðfræðisnillingar, einstaklingsmiðuð stærðfræði.
- ✓ Kennarateymi 4.–5. bekkjar: Valsvæði.
- ✓ Kennarateymi 6.–7. bekkjar: Þróun vinnurýmis: Hugmyndavinna um nýtingu rýmis sem nemendur og kennarar höfðu aðgang að.
- ✓ Kennarateymi 8.–10. bekkjar: Endurskipulagning vinnurýmis á unglingastigi. Markmiðið er að gera umhverfið aðlaðandi og námsvænt.

Hér á eftir í kaflanum um þróunarverkefnin er gerð grein fyrir starfinu hjá hverju kennarateymi fyrir sig, þar sem hverri umfjöllun lýkur á mati hópsins. Á eftir fylgir svo kafli þar sem ráðgjafi og stjórnendur leggja mat á verkefnið.

Þróunarverkefnin

Kennarateymi 1. bekkjar: Stafainnlögn og íslenskuhringekja.

Hjá nemendum 1. bekkjar var fengist verkefnin einstaklingsmiðaða stafainnlögn og ritun og íslenskuhringekju.

Einstaklingsmiðuð stafainnlögn og ritun

Þátttakendur: Umsjónarkennarar, stuðningsfulltrúi og nemendur 1. bekkjar.

Þroski og reynsla nemenda er misjafn og við upphaf skólagöngu er mjög misjafnt hvar þeir eru staddir hvað stafabekkingu og lestur varðar. Sumir leikskólar leggja litla áherslu á lestrarkennslu á meðan aðrir eru með markvissa stafainnlögn og lestrarkennslu.

Nemendahópurinn sem tók þátt í þessu verkefni skiptist gróflega upp í þrjá hópa; þá sem þekktu enga eða mjög fáa stafi, þá sem þekktu flesta stafi og hljóð þeirra og svo þá sem voru farnir að lesa léttan texta og voru jafnvel nokkuð vel læs.

Skilgreining / afmörkun:

Hluti nemenda sem byrjaði í 1. bekk að hausti var alveg læs og engin ástæða fyrir þá að sitja undir stafainnlögn. Í staðinn var lögð áhersla á skrift, sögugerð og frjálsa ritun og unnið með stafsetningarreglur.



Þeir nemendur sem voru fljótir að tileinka sér nýjan staf og hljóð unnu með orð sem innihélt stafinn og skrifuðu stafinn og orð í úrklippubók.

Nemendur sem áttu erfitt með að tileinka sér staf og hljóð lærðu tákni stafsins, fundu orð sem innihélt stafinn, unnu hann í leir, bjuggu til orð með svampstöfum og skrifuðu stafinn í bók.

Markmið verkefnisins var að:

- koma til móts við þarfir nemenda
- efla lestrarfærni nemenda
- efla skriftarfærni nemenda
- auka fjölbreytni í náminu

Útfærsla:

Nemendum var eins og áður segir skipt í þrjá hópa. Hópur 1, nemendur sem voru alveg læsir og þurftu ekki á stafainnlögn að halda. Hópur 2, nemendur sem kunnu flesta stafina og voru fljótir að tileinka sér nýja stafi. Hópur 3, nemendur sem áttu í erfiðleikum með að tileinka sér útlit og hljóð þess stafs sem verið var að kynna/leggja inn.

Hjá hópi 1 var áhersla lögð á skrift, að draga rétt til stafs, sögugerð og frjálsa ritun. Áður en vinnan hófst var lögð áhersla á stóran staf í upphafi málsgreinar, í sérnöfnum og fyrsta staf á eftir punkti. Þar sem við átti var ng og nk reglan skoðuð.

Hjá hópi 2 var unnið með útlit stafsins og hljóð, fundin orð sem innihéldu nýja stafinn og skoðað hvernig hann var skrifaður. Nemendur unnu stafinn í úrklippubók á fjölbreyttan hátt, unnu verkefni í stafasúpu og einnig var þeim boðið að búa til stafinn í leir.

Hópur 3 vann með útlit stafsins, hljóð hans og tákn, fundu orð sem innihélt stafinn, skrifuðu hann á blað og bjuggu til stafinn í leir, bjuggu til orð úr svampstöfum og skrifuðu þau á blað.

Eftirfarandi námsmat var lagt fyrir nemendur:

- Stafakannanir
- Lestrarkannanir
- Nemandi og kennari mátu sameiginlega verkefni og sögur.
- Endurmat kennara á nemendahópum fór fram reglulega.

Mat:

Mat okkar kennaranna er að árangurinn hafi verið mjög góður, kennslan markvissari, nýting á tíma nemenda betri og þeir ánægðari þar sem vinna þeirra miðaðist við getu þeirra og færni. Einnig finnst okkur að þess hafi verið gætt að verkefnin væru ögrandi fyrir nemendur.

Íslensku hringekja

Í beinu framhaldi af einstaklingsmiðaðri stafainnlög þróaðist sú hugmynd að koma upp íslenskuhringekju. Þar voru nemendur að vinna með fjölbreytt verkefni sem hæfðu getu þeirra og færni og studdi við þá forvinnu sem átt hafði sér stað.

Hringekjunni var skipt niður í þrjú svæði í kennslurýminu. Einn kennari var á hverju svæði. Hver kennari var með sama nemendahópinn í eina viku í senn sem gerði það að verkum að hann kynntist öllum nemendum árgangsins. Verkefnin voru fjölbreytt og kölluðu á fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Þátttakendur: Kennarar ásamt stuðningsfulltrúa og nemendur í 1. bekkjar

Skilgreining / afmörkun: Tvær kennslustundir á viku voru lagðar undir íslenskuhringekju. Í kennslurýminu voru settar upp mismunandi vinnustöðvar þar sem nemendur fengu verkefni við hæfi.

Markmið:

- Að þjálfa lestrarfærni nemenda
- Að auka lesskilning
- Að auka orðaforða
- Að þjálfa skrift
- Að þjálfa ritun og sögugerð
- Að nemendur æfist í tjáningu
- Að nemendur lesi sér til gagns og yndis.



Útfærsla:

Stafavinna: Nemendur leiruðu stafi, unnu með svampstafi, bjuggu til orð sem innihélt stafi, pörðu saman lítinn og stóran staf, fundu stafi í dagblöðum eða stafasúpum. Unnu með stafaskífur, notuðu lestrarspil til að para saman orð og mynd. Föndruðu stafi og festu í úrklippubók.

Lestur: Nemendum var boðið upp á fjölbreytt úrval bóka, léttlestrarbækur, smábækur, fræðibækur og bækur af bókasafni. Ýmsir leikir voru í boði eins og orðabíngó, setningabíngó, gefa og taka, einn, tveir og sjö eða níu og samstæðuspil. Nemendur fengu einnig að velja bók á bókasafni.

Lykilorð: Nemendur unnu með lykilorðið, fundu orð í orðinu, víxluðu stöfum og bjuggu til ný orð, öll þessi orð settu þeir í úrklippubók.

Sögugerð: Nemendur sömdu og skrifuðu sögu í sögubókina sína.

Hljóðsögur: Nemendur hlustuðu á sögu og gátu fylgst með í bókinni.

Höfundastóll: Nemendur lásu upp sögu sem þeir höfðu samið eða spunnu söguþráð jafn óðum.

Þrívíddasögur: Nemendur teiknuðu sögusviðið og skrifuðu stutta sögu sem tengdist því.

Sögugrunnur: Notast var við myndform sem fylgir „Sögugrunni“. Ákveðið var fyrirfram hvað lá til grundvallar sögunni, þ.e. tvær persónur, eitt umhverfi, veðurfar og þrjú dýr. Í sögunni þurftu þessi atriði að koma fram, það þurfti að vera eitthvert vandamál sem kom upp og það þurfti að leysa vandamálið.

Dótasaga: Nemendur unnu saman tveir til þrír og fengu ákveðin leikföng. Þeim var ætlað að semja sögu sem hafði einfaldan efnisþráð með einu vandamáli sem leysist í lok sögunnar. Að lokum sögðu þeir öðrum hópi söguna.

Eftirfarandi námsmat var lagt fyrir nemendur:

- Lestrarkannanir.
- Nemandi les fyrir kennarann og þeir ræða innihald textans.
- Sameiginlegt mat nemanda og kennara á sögu.
- Þátttökumat: Nemendur skrá nafn sitt, heiti bókasafnsbókar og höfundar og blaðsíðufjölda bókarinnar í „Lestarvagna”.
- Skriftarkönnun.

Mat:

Það er mat kennaranna að verkefnið hafi gengið mjög vel og vinnubrögð af þessu tagi séu komin til að vera. Það er einnig mat þeirra að nemendur hafi verið mjög ánægðir með þessi fjölbreyttu verkefni og hafi upplifað sínar sterku hliðar við gerð margra verkefna. Það kom kennurum svolítið á óvart hvað ritunin var vinsæl og hvað nemendur náðu fljótt góðu valdi á henni.

Kennurum finnst hringekjuformið mikilvægt en það gefur að þeirra mati meiri möguleika til þess að nálgast nemendur á einstaklings grundvelli. Einnig kynnast kennarar á svæðinu betur öllum nemendum árgangsins og nemendur kynnast að sama skapi öllum kennurum sem kenna á svæðinu. Svona vinna stendur og fellur með samstarfi kennarateymisins, mikilvægt er að hafa gott skipulag þannig að allir viti hvað eigi að gera. Það má geta þess að þreyta hjá kennurum hafi komið fram á tímabili vegna kennaraskipta og vegna forfalla eins kennara teymisins. Mikilvægt er að gefast ekki upp, heldur leggja áherslu á að sníða hnökra af og halda áfram í átt að settum markmiðum.

2. og 3. bekkur: Stærðfræðisnillingar – einstaklingsmiðuð stærðfræði.

Þátttakendur: Fimm umsjónarkennarar, ásamt tveimur stuðningsfulltrúum og nemendum í 2. og 3. bekk í Akurskóla.

Skilgreining / afmörkun:

Í upphafi var hugmyndin að þróa vinnusvæði tengt byrjendalæsi. Við komumst fljótt að því að byrjendalæsi tekur mikinn tíma í undirbúningi og við vildum að önnur fög eða önnur vinna mætti njóta aukinnar „athygli” okkar. Sú hugmyndavinna þróaðist í valsvæði þar sem nemendur gætu valið sér ákveðnar vinnustöðvar. Við byrjuðum á því en sú vinna þróaðist í að taka eitt fag sérstaklega fyrir í þróunarverkefninu og völdum við stærðfræði.

Markmið:

- Að einstaklingsmiða stærðfræðikennslu
- Að efla félagstengsl nemenda á milli hópa og rýma
- Að auka hlutbundna vinnu í stærðfræði
- Að stuðla að markvissri innlögum í stærðfræði með mismunandi innlagnarsvæðum

Útfærsla:

Öllum nemendum í 2. og 3. bekk var skipt í fimm hópa, eftir getu í stærðfræði. Einn kennari hélt utan um hvern hóp en tveir stuðningsfulltrúar og einn kennari til viðbótar aðstoðuðu nemendur þar sem þörfin þótti brýnust. Nemendur unnu í hópunum á svæðum þrisvar sinnum í viku. Þá var lögð áhersla á hlutbundna vinnu og að kynna fyrir nemendum nýja efnispætti.



Það var því ákveðið að kalla svæðin „*innlagnarsvæði*“ og voru þau útbúin þeim kennslugögnum sem nauðsynleg þóttu. Kennslugögnin voru sýnilegri en áður og aðgengilegri fyrir nemendur. Nemendur unnu

síðan tvær kennslustundir í stærðfræði hjá umsjónarkennara.

Mat:

Við kennarar 2. og 3. bekkjar ræddum saman reglulega og fórum yfir stöðuna; hvernig okkur fannst verkefnið ganga og hvað mátti gera betur eða öðruvísi. Viðfangsefni þróunarverkefnisins breyttist töluvert frá upphaflegri áætlun. Í staðinn fyrir að leggja áherslu á byrjendalæsi var ákveðið að leggja áherslu á stærðfræði og því er ekki komin löng reynsla á stærðfræðihópana. Eins og staðan er í dag þá finnst okkur verkefnið ganga vel og við erum mjög jákvæð gagnvart þessari hópaskiptingu.

Eina vandamálið að okkar mati, sem hefur komið upp nýlega, er að of mikill fjöldi nemenda er í einum hópnum. Það vandamál var leyst með því að fá stuðningsfulltrúa til aðstoðar kennara í þann hóp.



Fyrirkomulagið hefur, að okkar mati, eftirfarandi kosti; kennslan er markvissari, teymisvinnan er auðveldari, m.a. ekki eins tímafrek og nemendur eru hæstánægðir með fyrirkomulagið.

Fljótlega verður viðhorfsskönnun lögð fyrir nemendur og athugað hvernig þeir meta stærðfræðihópana. Við ætlum einnig að gera samanburð á niðurstöðum námsmats í stærðfræði sem var lagt fyrir nemendur fyrir og eftir vinnuna með stærðfræðihópana.

4. og 5. bekkur: Skipulag valsvæða.

Þátttakendur: Þrír umsjónarkennarar, þroskaþjálfari, stuðningsfulltrúi og nemendur í 4. og 5. bekk.

Skilgreining / afmörkun:

Umsjónarkennarar ákváðu að þróa valsvæði með fjölbreyttum verkefnum fyrir nemendur. Fyrir valinu var svæði við innganginn inn í kennslurýmið sem var illa nýtt en þar skapaðist oft hávaði og læti sem kennurum þótti óviðeigandi. Byrjað var á að finna út hvaða stöðvar ætti að hafa og þær settar upp.

Meginmarkmið:

- Efla fjölbreytni í náminu og áhuga nemenda.
- Efla það að nemendur finni sér áhugaverð verkefni sem henta þeim vel.
- Fá nemendur til að bera aukna ábyrgð á vali sínu og verkefnum.
- Auka samstarf og samvinnu milli kennara og nemenda í rýminu.

Kennarar höfðu einnig hugsað sér að þróa með sér samstarf þar sem hver kennari nýtti sitt kjörsvið. Tveir kennaranna fóru af stað með aukið samstarf í stærðfræði og skiptu nemendum upp í hópa til að hafa betri yfirsýn. Kennarar prófuðu þetta í tvo mánuði, og var reynsla þeirra góð en þeim fannst nemendur einnig vera sáttir við fyrirkomulagið.



Útfærsla og mat:

Það er óhætt að segja að við kennararnir höfum ekki fundið „rétt“ útfærslu á svæðunum ennþá en hér fyrir neðan er samantekt á því sem var prófað.

Það sem við prófuðum var::

- Stýrt val.
- Valsvæði fyrir þá sem kláruðu verkefni.
- Valsvæði fyrir þá sem voru duglegir.
- Valsvæði fyrir þá sem sýndu „góða“ hegðun að mati kennara.

Það sem okkur fannst ábótavant var:

- Nemendur voru almennt ekki áhugasamir um verkefnin sem voru í boði.
- Nemendur vildu oft vinna verkefnin sín í sæti sínu.
- Eitthvað vantaði til að hvetja nemendur til þess að vinna verkefnin og kveikja áhuga þeirra.

Farið var af stað í byrjun árs 2011 í að endurbæta verkefni á valsvæði. Þá voru fundin verkefni sem tengjast umhverfismennt og stöðvunum var breytt í samræmi við það. Fjöldi stöðva var haldið enda var fjöldi þeirra heppilegur að mati kennaranna. Það var því aðeins breytt um verkefni. Verkefnin voru eftirfarandi:

- Heimsálfur
- Evrópa
- Krossgátur- verkefni sem tengjast umferðinni
- Þrautir og útiverkefni
- Tölvustöð- umferðarverkefni
- Lestur

Reynsla okkar varð sú að sumar stöðvar virtust ekki höfða til nemenda á meðan aðrar nutu mikilla vinsælda eins og stöð þar sem nemendur fengu algjörlega að velja viðfangsefnið sjálfir. Það er óhætt að segja að það hafi valdið kennurum vonbrigðum að nemendur höfðu ekki áhuga á því að vinna verkefnin sem í boði voru, og völdu heldur frjálst val. Ein skýringin sem kennarar töldu geta verið ástæðu fyrir því var að verkefnin höfðu ekki verið nógu vel kynnt fyrir nemendum. Næsta skref hjá kennurum var því að prófa áfram valsvæðið og kynna verkefnin sem í boði voru betur fyrir nemendum.

Þróun hugmynda um útfærslu á valsvæðum:

- Stigagjöf, þ.e. nemendur vinna verkefni sem kennarinn metur og gefur stig fyrir verkefnið t.d. frá 1.–3. Nemendur fengju svo frjálst val þegar þeir væru búnir að vinna sér inn ákveðinn fjölda stiga.
- Skýrari leiðbeiningar á stöðvunum.
- Skýrari og sýnilegri markmið, t.d. stigagjöf til viðmiðunar.
- Vera með skil á verkefnunum og mat á þeim líka.
- Hafa sýnileg dæmi um klárað og vel unnið verkefni.

Hugmyndir eru uppi um að:

- Hafa valsvæðið lotuskipt, þ.e. með íslensku í 6 vikur og næstu 6 vikur verði svo stærðfræði, o.s.frv.

- Hafa valfrjáls sæti á valsvæðinu, þ.e. nemendur geti verið í sínu sæti og unnið verkefni að eigin vali.



Okkur finnst valsvæðið vera ágætt, við erum sátt með vinnu okkar við útfærsluna á verkefninu, en við erum ekki sátt við áhugaleysi nemenda á því sem við höfum sett upp.

Við viljum reyna að efla okkur og nemendur í þessari vinnu. Við þurfum því að finna út hvað hægt er að gera til að kveikja áhuga þeirra á verkefninu. Það sem þarf að byrja á er að kynna verkefnið á ný fyrir nemendum og sýna þeim öll verkefni sem

eru í boði. Einnig þarf að auka fjölbreytni verkefnanna. Þetta ætlum við að prófa og endurmeta svo eftir nokkrar vikur á næsta skólaári.

Í upphafi vorannar fannst kennurum oft vanta að unnið væri nægilega markvisst með valsvæðið. Á svæðinu er nú sófi þar sem nemendur geta setið og lesið og hefur sófinn vakið mikla lukku og nemendur nýta sér hann óspart.

Kennarar vilja þó virkja nemendur betur í að nýta sér svæðið þegar þeir hafa lokið einhverjum verkefnum. Ætlunin er að þróa valsvæðið þannig að þar komi nemendur til með að vinna verkefni sem tengjast þeirra eigin áhugasviði, þ.e. að styrkleikar hvers nemenda ákvarði viðfangsefnið á valsvæðinu. Þannig teljum við að höfða megi betur til styrkleika nemenda, að þeir verði sjálfstæðari í að taka ákvarðanir, sem og verkefni sjálf og að með þessu móti styrkist enn betur framkvæmd okkar hvað varðar einstaklingsmiðað nám. Vinna við þá útfærslu og framkvæmd er þegar hafin fyrir haustönn 2011.

6. og 7. bekkur: „Betri nýting á kennslurýminu“

-útbúa vinnusvæði fyrir sértæka hópa, sjálfstæða hópa, leshópa, litla kennsluhópa og hópavinnu.

Þátttakendur: Þrír umsjónarkennarar, tveir stuðningsfulltrúar og nemendur 6. og 7. bekkjar.



Markmið okkar var að útbúa fleiri og fjölbreyttari kennslusvæði og nýta rýmið betur. Við ákváðum að myndskreyta skýrsluna til að sýna þær breytingar sem gerðar voru í vetur, á litla rýminu okkar, sem var aðalverkefni okkar, sem og á stóra kennslurýminu. Við áttum því miður engar myndir af rýminu áður en hafist var handa en vonandi gefa þær myndir sem

voru teknar í lok vetrar sæmilega mynd af því sem gert var í vetur. Við byrjuðum upphaflega að vinna í litla rýminu okkar sem hefur hlotið nafnið „Kósýkot“ en vorum líka byrjuð að endurskipuleggja kennslurýmið þannig að þar yrðu til ýmis lítil vinnusvæði.



Hér má sjá litla rýmið „Kósýkot“ þegar búið var að endurskipuleggja og innrétta í fyrsta sinn.

Við höldum litla veislu í tilefni af því að loksins var hægt að nýta „Kósýkot“ í kennslu.



Skilgreining / afmörkun:

Í byrjun var lagt upp með að vinna með lítið rými, á stærð við ½ kennslustofu, sem er inn af kennslurými nemenda. Rýmið hafði hingað til verið lítið notað þar sem ekki var kennsluhæft þar vegna bergmáls. Þessi þróunarvinna varð til þess að ákveðið var að fara af stað með ákveðna vinnu í kennslurýminu líka.

Meginmarkmið:

Að finna leiðir til að dempa hljóð í litla rýminu. Kósýkoti, og gera það áhugavert og þægilegt vinnuumhverfi fyrir nemendur. Auk þess að útbúa lítil afmörkuð rými í kennslurýminu á auðum svæðum sem sköpuðust eftir að tölvur voru fluttar í Kósýkotið og skápar voru færðir til.

Útfærsla:



Byrjað var á hugmyndavinnu meðal nemenda. Nemendur gerðu ýmist skriflega lýsingu á rýminu eða teikningu af hugmyndum sínum og útfærslum. Þessar hugmyndir voru nýttar þegar farið var af stað með þróunarverkefnið.

Kósýkot, á veggina:

Í byrjun skólaársins voru nemendur í 6. bekk beðnir um að teikna myndir í A5 stærð og voru þær hengdar upp á vegg. Einnig fengu nokkrir nemendur að gera stærri listaverk sem þeir máluðu og voru hengd upp á vegg.



Einnig var unnið með listaverk úr öðrum efnivið en þeim var ekki lokið. Ætlunin er að festa þrjónateppi með ýmsu skrauti frá nemendum á MDF-plötur þannig að teppið myndi vasa þar sem hægt er að geyma bækur og tímarit. Við hekludum litríkar mottur sem við ætlum líka að festa á MDF-plötur eða hengja í loftið í von um að það hafi góð áhrif á hljóðvistina.



Einnig kom upp sú hugmynd að fá kennsluveggspjöld á veggina en það hefur ekki reynst unnt vegna fjárskorts. Ef það dregst á langinn verða nemendur e.t.v. beðnir um að útbúa nokkur slík. Auk þess verða vegghillur hengdar upp í vor, sem hægt er að geyma ýmislegt á, t.d. bangsa.

Hér fyrir neðan sést helmingur rýmisins eftir að tölvurnar voru settar inn í Kósýkot og sófasett komið á staðinn.



Á gólfíð:

Rýmið var stúkað af með þremur bókaskápum en slíkt gaf möguleika á því að nýta rýmið fyrir tvo hópa í einu, einnig dempaði það hljóðið. Öðrum megin í rýminu ákváðum við að setja kennslutöflu, borð og tölvurnar sem voru fyrir í kennslurýminu. Tölvurnar þóttu ekki nýtast nógu vel uppi í kennslurýminu og í raun ollu þær truflun. Þær þóttu henta betur þar sem

hægt væri að vera með litla hópa og vinna að verkefnum í tölvum eða fyrir sértæka hópa til að vinna við ritvinnslu og kennsluforrit. Hinum megin við skápana var sett sófasett og sófaborð. Einnig var mottum og púðum komið þar fyrir. Hilla verður sett upp sem verður tilvalinn staður fyrir bangsa eða annað sem nemendur koma með að heiman. Auk þess er ætlunin að reyna að útbúa hirslu fyrir púða nemenda.



Í loftið:

Hugmyndin var að líma kreppappír í loftgluggana og stinga gat út fyrir stjörnum en þegar við vorum byrjuð á því kom í ljós að ekki mátti líma neitt við loftgluggana vegna hættu á að þeir springi þegar sólin skini á þá. Þessa hugmynd þurfti því að útfæra betur e.t.v. reyna að festa pappírinn neðar þannig að hann snerti ekki glerið.

Ef þessi hugmynd hentar ekki kæmi til greina að festa króka inn í gluggaopið og strengja hekluðu motturnar þar.



Hugmyndir um fleiri kennslusvæði:

Önnur hugmynd fæddist í þessu ferli en hún var sú að stúka af lítíl rými í kringum „píramída“ gluggana í kennslurýminu. Þar myndum við helst vilja sjá einhverja milliveggi úr gleri þar sem nemendur gætu farið inn og verið í næði en við kennarar samt haft auga með þeim. Þessi rými gætu líka nýst sem lestrarsvæði fyrir leshópa.



Mat:

Verkefnið hefur gengið frekar hægt en þó vel. Verið er að reyna að virkja nemendur til að vinna með okkur að skipulagi, t.a.m. við að föndra, og má vera að það ráði nokkru um það hversu hægt miðar. Hugmyndin var að efla og auka kraftinn á verkefninu í byrjun árs og stefnt að því að vera búin með sem mest í lok febrúar. Sófasettið kom inn í byrjun árs og hefur vakið mikla lukku. Lítið hefur þó gengið með mdf-plötunum og hugmyndirnar um loftið hafa lítið verið útfærðar. Hins vegar nýtist rýmið mun betur og nemendur sækja mikið í að fá að nota það. Í dag er rýmið meðal annars nýtt fyrir sérkennslu, bekkjarfundi, ýmis konar föndur, lestur og þangað fara gjarnan nemendur sem vinna verkefni sín sjálfstætt.

Rýmið nýtist enn betur eftir að tölvurnar voru færðar niður og er svæðið mikið nýtt fyrir kennslu í litlum hópum.. Til dæmis hefur lestrarhópurinn, sem farið var af stað með, stundum fengið aðstöðu þarna niðri. Þessar tilfærslur urðu líka til þess að aukið rými skapaðist í kennslurými 6.–7.bekkjar. Þar höfum við nú komið fyrir leskrók og hringborði sem hefur nýst nemendum og kennurum vel. Bæði höfum við fengið aðstöðu til að lestrarprófa og þjálfar nemendur og aðstöðu fyrir litla hópa. Með þessum breytingum hafa möguleikarnir á margvíslegum uppröðunum í kennslurýminu aukist.



Þetta verkefni er í sífelldri þróun og þeir kennarar sem verða næst í þessu rými eiga áreiðanlega eftir að koma með fleiri hugmyndir. Við erum með fullt af hugmyndum sem vonandi verður unnt að hrinda í framkvæmd.

8., 9. og 10. bekkur: Endurskipulagning vinnurýmis á unglingastigi.

Þátttakendur: Nemendur og kennarar í 8., 9. og 10. bekk samtals 8 kennarar.

Skilgreining:

Við vinnum í opnum skóla þar sem aðstæður og hugmyndafræði reynir á gott samstarf kennara sín á milli og skilnings og virðingu nemenda fyrir aðstæðum. Við höfum mörg verið óörugg með hvernig best væri að nýta rýmið og notuðum þróunarverkefnið til að prófa okkur áfram. Við tókum þessu verkefni fagnandi strax um haustið og höfðum miklar væntingar til þess. Við sem höfðum unnið áður í rýminu þ.e. veturinn 2009–2010 vissum að það þyrfti að bæta aðstöðu nemenda og samstarf kennara. Tröð er skólastofa sem tilheyrir unglingadeild. Gangurinn þar fyrir framan hefur verið nýttur fyrir knattspyrnuspil og einn veggurinn fyrir auglýsingar og tilkynningar um félagsstarf. Rýmið á unglingastigi skiptist í þrjár kennslustofur með ósýnilegum veggjum, þremur Smart töflum, nokkrum borðtölvum fyrir nemendur og hillum fyrir nemendur til að geyma skólabækur og gögn.

Markmið:

Markmið okkar var að gera rými í unglingadeild meira aðlaðandi svo það myndi styðja betur við hugmyndafræði um opna skóla. Einnig vildum við skoða og nýta betur ganginn fyrir framan Tröð. Við vildum afnema vegg og vinna meira með hópinn að hluta en afmarka a.m.k eitt svæði með veggjum til að hafa innlagnir fyrir minni hópa. Hugmyndin var að gera rýmið námsvænt og hvetjandi en jafnframt aðlaðandi með sérstaklega afmörkuðum svæðum.

Við vildum útbúa sérstakan leskrók þar sem nemendur gátu gengið að bókum og lesið sér til ánægju eða fyrir námið.

Við vildum setja upplýsingar með kennsluáætlunum, stundatöflu, skóla-reglum, markmiðum dagsins og vikunnar á upplýsingavegg sem tilheyrði öllu rýminu.

Við vildum að fagkennarar myndu efla samstarf sín á milli í kennslustundum þar sem því var viðkomið.



Útfærsla:

Við ræddum saman á fundum og skiptumst á skoðunum, lögðum síðan upp með verkefni sem tókust misvel. Töluvert var um tilraunastarfsemi með nemendur og uppröðun í kennslurýminu.

Umsjónarkennarar í rýminu ræddu við nemendur á bekkjarfundum um hvernig þeir vildu sjá skipulag rýmisins. Við tókum tillit til hugmynda þeirra.

Fyrstu önnina notuðum við til að koma til móts við nemendur varðandi símanotkun og tónhlöður. Við samþykktum á fundi að unglingadeild fengi aðeins frjálssari meðhöndlun en aðrir nemendur skólans. Við vildum leyfa notkun tónhlaða með leyfi kennarans og símanotkun í frímínútum og með sérstöku leyfi kennara, t.d. til að nota sem vasareikna eða til að hringja eða senda sms. Það mæltist illa fyrir hjá stjórnendum og horfðum við frá þessum sveigjanleika þegar komið var fram í lok október.

Kennarar voru eindregið á því að með því að koma til móts við hópinn þá voru símar og ipod ekki vandamál. Agavandamál voru að okkar mati, metnaðarleysi og yfirgangur ákveðins nemendahóps. Agaleysi stafaði líka af óöryggi nemenda með skipulag kennara þar sem var óljóst til hvers var ætlast af þeim. Nemendur vissu ekki hvar þeir áttu að sitja eða setja skólabækur eða töskur. Það voru svo miklar breytingar á skólastofunni þegar allir í sama rými voru að hlusta á innlög, horfa á fræðslufni eða hlýða á frásögn þannig að allt í kennslurýminu varð á rúi og stúi og þeir sem áttu að vera í næsta tíma fannst þetta óþolandi.

Þegar líða tók á veturinn áskotnuðust okkur tvö sófasett, sófaborð, pottablóm og bókahilla. Það gerði rýmið mjög aðlaðandi og voru kennarar og nemendur ánægðir með breytinguna. Við fjarlægðum nokkrar tölvur úr rými vegna þess að sumir nemendur fóru í tölvuleiki þegar þeir áttu að vinna við skólaverkefni. Nemendur fóru töluvert inná Facebook samskiptavefinn án leyfis. Það hefur verið lokað fyrir Facebook og YouTube að beiðni sveitarfélagsins en nemendur finna leiðir fram hjá lokuninni.

Við færðum tölvur úr rýminu í námsver en þær voru tengdar mjög seint eða ekki fyrr en á þriðju önn og nýttust því lítið þetta skólaár.

Við einsettum okkur að nýta skólahúsnæðið og lóðina betur, yfirgefa skólarýmið ef það hentaði ekki að leggja inn eða tala við nemendahóp þar og aðrir í rýminu voru í hópavinnu eða einhverju sem truflaði. Við notuðum matsalinn, tónmenntastofuna, bókasafnið, stóra stigann í miðju skólans, gangstétt úti við og skólastofur sem voru lausar. Við fengum afnot að fartölvuvagni og var umgengni við hann ábótavant og erum við búin að ræða að endurskoða fyrirkomulag með vagninn fyrir næsta skólaár.

Námsver í rýminu nýttist í sérkennsluver og áhugasviðsvinnu. Það voru skiptar skoðanir með hvernig ætti að nýta starfsfólk og aðstöðu í námsveri og hvernig vinna ætti að fara fram í námsveri.

Hugmynd kom frá nemendum að útbúa tungumálasvæði, raungreinasvæði og samfélagssvæði í rýminu og nemendur fengju þannig að vinna jafnvel meira í því sem þeir hefðu áhuga á innan ákveðinna marka.

Tafla með áætlunum og upplýsingum var nýtt af örfáum kennurum í skamman tíma en það var eindreginn vilji að halda því áfram. Nemendum fannst það þægilegt. Hugmynd kom um að heiðra nemendur fyrir lestrarátak, fyrir hjálpssemi, framkomu og fyrir að þekkja málshætti og orðtök. Það var gert í skamman tíma og vilji til að halda því áfram hjá sumum kennurum.

Mat:

Það sem gekk vel og við vorum ánægð með var hópaskipting, t.d. í íslensku í málfræði, tvær stundir á viku. Fyrst voru þrír kennarar með þrjá blandaða hópa og vann hver á sínu svæði. Á seinni hluta miðannar prófuðum við að getuskipta hópunum í málfræði og gekk það mun betur. Nemendur voru einnig ánægðir með það fyrirkomulag og fannst þeir fá kennslu og verkefni við hæfi.

Sameiginlegir bókmenntatímar voru fjórar kennslustundir á viku. Við lásum sögur fyrir ákveðinn nemendahóp, þ.e. einn kennari á meðan aðrir sáu um verkefnavinnu og innlög. Við fundum fyrir auknum áhuga nemenda á bókmenntum. Nemendur fengu að fara á bókasafn til að vinna verkefni og þeir gátu unnið frammí í sófa fyrir framan Tröð. Við fundum fyrir meira flæði nemenda og vildum treysta nemendum til að vinna hvar sem er í skólanum.

Það var töluvert samstarf t.d. í dönsku sameiginleg hlustun sem hentar mjög vel í rýminu og ætti alltaf að vera sameiginleg. Fræðslumyndir voru alltaf sameiginlegar. Lestarstundir voru alla morgna 15 mínútur í upphafi skóladags. Þá voru nemendur hvattir til frjálsllesturs. Flestir nemendur lásu með ánægju og lásu mikið á meðan þetta náði ekki til annarra nemenda sem trufluðu og voru áhugalausir.

Gangurinn fyrir framan Tröð fékk nýtt hlutverk þegar við fengum sófasett og settum þar. Við fengum líka fótboltaspil sem nemendur hafa aðgang að í frímínútum. Það var ánægjulegt að sjá nemendur nota svæðið, sitja í sófanum og spjalla saman.



Kennarar eru ánægðir með þróunarverkefnið. Það hefur skapað faglega umræðu og gert þeim fært að prófa ýmislegt. Hver og einn kennari og kennarateymi skoða hvað þeir gera vel og hvað þarf að gera betur. Það er gagnlegt að skipta upp nemendahópnum og hefur heppnast vel. Verkefnið breytti umhverfi nemenda og kennara en við erum ekki enn búin að finna réttu lausnina. Við vonum að veturinn 2011–2012 verði veturinn sem lausnin finnst á því hvernig best er að haga kennsluháttum og umhverfi í Narfakoti í Akurskóla, rými unglingastígs.

Áskoranir fyrir kennarahópinn – hvað er framundan!

- Það þarf að bæta umgengni nemenda – borð, stólar, gögn.
- Það þarf að efla virðingu fyrir námsgögnum, eigum skólans og annarra.
- Það þarf aukið samstarf, línur lagðar í upphafi skólaárs sbr. skólareglur, bekkjarkvöld, ferðalög, vettvangsferðir.
- Það þarf að nýta nærumhverfi, sbr. listir og menning.
- Það þarf að loka einum þriðja í rýminu, þ.e. Narfakoti 1 fyrir innlagnir, bekkjarfundir og annað hópstarf.
- Það þarf að breyta fyrirkomulagi með fartölvuvagninn.
- Okkur vantar prentara, ritfangahorn og sameiginlegt horn fyrir skapandi vinnu

- Við viljum prófa að þróa og setja upp gagnasvæði:
 - Tungumál
 - Stærðfræði
 - Samfélagsgreinar

Og að lokum til að efla kærleika, virðingu og samstarf þá þarf meiri félagsvist. Það heppnaðist vel og nemendur biðja um meira.

Til umhugsunar vegna námsvers

Námsverið hefur mikið verið notað í sérkennslu. Það var ekki það sem lagt var upp með sl. vor. Við viljum nýta það eins og lagt var upp með! Það þarf að ganga betur um námsverið. Það þarf að vera meira aðlaðandi og námsvænna. Það þarf að vera betra aðgengi að námsgögnum og það þarf að vera með umsjónarmann yfir námsveri.

Kennarar á unglingastigi lögðu til að umsjónarkennarar í unglingadeild fengju fyrsta dag skólaársins 2011–2012 til að setja markmið, yfirfara skólareglur, mentor, hópefli, umgengni o.fl.

Mat á verkefninu

Umsögn ráðgjafa

Eins og sjá má af þessari skýrslu réðust kennarar í fjölbreytt verkefni. Í öllum tilvikum telja þeir að vel hafi til tekist í flestum atriðum og ekki hafi allt gengið eftir, eins og t.d. að vekja áhuga nemenda í 4. og 5. bekk á verkefnum á valsvæðum. Engu að síður er áhugavert að sjá hversu einbeittir kennararnir voru í að leita leiða til að bæta úr þessu. Þetta er í raun það sem á að einkenna þróunarstarf. Stöðugt þarf að leita leiða til að gera starfið markvissara og áhugaverðara. Þeirri leit lýkur í raun aldrei. Alltaf er hægt að gera betur. Í þessu verkefni voru kennarar í Akurskóla óþreytandi við að þreifa sig áfram. Þá kemur glögggt fram í skýrslum hópanna að verkefnið hefur eftir faglega umræðu milli þeirra.

Ráðgjafi átti þess kost að heimsækja Akurskóla í nokkur skipti þann tíma sem þróunarverkefnið stóð yfir og fylgjast með kennslu hluta úr degi og ræða við nemendur og starfsfólk. Unnt er að fullyrða að þróunarverkefnin höfðu jákvæð áhrif á skólabrag. Verulega gefandi var t.d. að fylgjast með nemendum í 1. bekk leysa verkefni sín í íslensku-hringekjunni. Áhugi þeirra var greinilegur og starfsandi allur hinn besti. Raunar var vinnuandi á flestum starfssvæðunum í ágætu lagi og oft mjög góður.

Þann 2. maí gerðu hóparnir grein fyrir verkefnum sínum, niðurstöðum og áformum. Þar kom e.t.v. enn betur fram en í hinum skriflegu skýrslum hversu vel hefur miðað. Miklu máli skiptir einnig að allir voru á einu máli um að halda þessu starfi áfram.

Umsögn stjórnenda

Það er samdóma álit stjórnenda að kennarar hafi verið einbeittir í að vinna eftir þeim meginmarkmiðum sem sett voru fram í byrjun skólaársins. Segja má að árangur kennarateymanna hafi í flestum tilvikum verið góður. Þar sem kennarar höfðu náð að stilla vel saman strengi sína og vinna sem ein heild ríkti góður vinnuandi meðal nemenda og kennara. Það var hægt að merkja þegar gengið var inn í kennslurýmin. Nemendur voru öruggir, vissu hvernig skipulag dagsins var og hvaða kröfur voru gerðar. Þar sem nemendur höfðu ekki skipulagið á hreinu ríkti meiri ókyrrð og nemendur voru óöruggir.

Þau markmið sem voru sett fram, þ.e. að tengja námsumhverfi og kennslufyrirkomulag við opinn skóla og að bjóða upp á einstaklings- og hópavinnu þar sem nemendur unnu mismunandi verkefni krafðist mikils undirbúnings, samstarfs og ekki síst umræðu. Þau kennarateymi sem nýttu vel samstarfstímann, sem var tvær klukkustundir aðra hverja viku til verkefnisins, náðu hvað bestum árangri að mati stjórnenda. Það kemur ekki á óvart að þau kennarateymi sem höfðu áður lagt áherslu á samstarf og einnig fámennari kennarateymi náðu betri árangri en kennarateymi sem var skipað kennurum sem höfðu áður verið í litlu samstarfi í kennslustundum eða þar sem kennarar voru nýir og þekktust lítið. Eins skipti andinn í kennarateyminu miklu máli. Þau kennarateymi sem einbeittu sér að því að nýta tækifærin og læra af reynslunni frekar en að einblína á hindranir náðu betri árangri. Eitt af því sem stjórnendur gerðu athugasemd við var þegar kennarar leyfðu nemendum á unglingastigi að nota tónhlöður og síma þegar kennsla fór fram. Slíkt var í raun brot á skólareglum og ef breyta ætti þeim var þörf að taka þá umræðu

meðal, kennara, nemenda og foreldra. Þar sem mun fleiri kvartanir vegna agamála og truflunar í kennslu komu á borð til stjórnenda í kjölfarið á því að tónhlöður og símar voru leyfðir þótti stjórnendum ekki sýnt að það hefði jákvæð áhrif á skólabraginn og óskuðu eftir að skólareglunum um síma og tónhlöður yrðu virtar. Það er einnig mikilvægt að þegar breytingar eru gerðar á uppröðun í kennslurými þurfi að skoða vel hvort þær henti áður en ráðist er í slíkar breytingar. Þar má nefna flutning á tölvum en það þarf að gera ráð fyrir tengingum þegar þær eru færðar til. Þegar upplýsingar voru settar fram á skilmerkilegan hátt t.d. á töflu eða vegg þar sem nemendur gátu séð skipulag dagsins hafði það jákvæð áhrif á skólabraginn að mati stjórnenda. Því miður hættu kennarar í einhverjum tilvikum þessu og er forvitnilegt að vita hvað hafið valdið því.

Það sem stjórnendum finnst mikilvægast er að kennarar og nemendur sjá kosti opins rýmis betur en áður. Nú er talað um að afmarka fleiri vinnusvæði þar sem nemendur geta unnið að fjölbreyttum verkefnum í minni hópum. Í byrjun vetrar heyrðust raddir um að setja upp vegg, skipta kennslurýminu í kennslustofur og að nemendur ynnu að sömu verkefnum undir stjórn kennara. Kennslurýmin hafa einnig tekið á sig breytta mynd og segja má að námsumhverfið sé líflegra og meira aðlaðandi fyrir nemendur. Svæði sem voru illa nýtt til kennslu hafa tekið á sig breytta mynd eru meira aðlaðandi og nýtast til kennslu.

Að lokum vilja stjórnendur taka fram að það var ánægjulegt að hlusta á uppgjör vetrarins hjá kennarateyminum í maí. Það kom greinilega fram að kennarar ætla að þróa starfið áfram á sömu braut. Þeim fannst þessi þróunarvinna gefa starfinu meira gildi og fannst þeir upplifa ánægðari nemendur.

Stjórnendur eru ánægðir með vinnu kennara í vetur og binda miklar vonir við að starfið haldi áfram að þróast í þessa átt. Kennarahópurinn hefur þegar tekið ákvörðun um að leggja áherslu á þemanám í bóklegum greinum veturinn 2011–2012. Verkgreinakennarar hafa einnig ákveðið að leggja áherslu á samstarf og hafa þegar ákveðið verkefni sem stuðla að því. Það sem kennarahópurinn sér fyrir sér í framtíðinni er að samþætta bóklegar og verklegar greinar saman eins og þekkt er í mörgum grunnskólum. Það má því segja að samstarf og teymisvinna sé málið.

Lokaorð

Hjá öllum hópunum kom fram mikil ánægja með þróunarstarfið í vetur og mikill vilji til þess að halda áfram með vinnu af þessu tagi. Reifaðar voru nokkrar hugmyndir að verkefnum sem áhugi var á að vinna að á næsta skólaári ásamt því að lögð var áhersla á að festa í sessi ný vinnubrögð.